

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**211. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **2. ágúst 2012 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

## Dagskrá :

1. Erindi Margrétar Eddu Jónsdóttur Fjellheim og Rannveigar S. Guðmundsdóttur.
2. Fyrirspurn frá Runólfi Þ. Sigurðssyni.
3. Erindi Sigríðar Hallgrímsdóttur.
4. Erindi Gudrunar Kloes.
5. Erindi Einars Hjaltasonar.

## Tekið á dagskrá:

6. Erindi byggðarráðs.
7. Erindi Þormóðs Inga Heimissonar.

## Afgreiðslur:

1. Margrét Edda Jónsdóttir Fjellheim kt. 101049-2139 og Rannveig S. Guðmundsdóttir kt. 070535-4759 sækja um leyfi til að stofna 1500 m<sup>2</sup> lóð úr landi jarðarinnar Ásbjarnarness, landnr. 220534, samkv. uppdrætti nr. HÁ0012B frá Ráðbarði sf. dags. 21.06.2012. Ráðið samþykkir erindið.
2. Fyrirspurn frá Runólfi Þ. Sigurðssyni um álit nefndarinnar á að búa til byggingarreit á lóð Norðurbrautar 1. Ráðið tekur jákvætt í fyrirspurnina en bendir á að grenndarkynna þarf stækkun á byggingarreit.
3. Sigríður Hallgrímsdóttir kt. 101259-4399 óskar eftir staðfestingu á landamerkjum Markhöfða, landnr. 142246, samkv. uppdrætti nr. S-01 frá Stoð ehf. Ráðið samþykkir erindið.
4. Gudrun Kloes sækir um leyfi f.h félags Húsfreyjanna á Vatnsnesi kt 480607-2520 til uppsetningar örnefnaskiltis fyrir ofan Hamarsrétt. Ráðið samþykkir erindið að fengnu leyfi landeigenda.
5. Einar Hjaltason kt. 050555-3489 sækir um leyfi til að byggja frístundahús og veiðihús í landi Gottorps landnr. 144539 samkvæmt teikningum nr A-102 og A-0101 frá Sveini Björnssyni byggingarfræðing kt. 050773-5829 dags. 05.09.2011 og 28.08.2011. Erindi frestað vegna ófullnægjandi gagna.

## Tekið á dagskrá:

6. Á fundi sínum þann 30. júlí s.l. samþykkti byggðarráð að vísa bréfi Hlöðunnar ehf. til skipulags og umhverfisráðs þar sem óskað er eftir skýringu og rökstuðningi á því hvers vegna framkvæmdir við torgið „Brúarhvamm“ hafi ekki verið grenndarkynntar.

Ráðið taldi að framkvæmdin væri til hagsbóta fyrir umhverfið og taldi ekki þörf á að grenndarkynna fyrirhugaðar breytingar og hafði þar til hliðsjónar 3.mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. Þormóður Ingi Heimisson kt. 220579-5659 sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við fjárhús á Sauðadalsá fastanr. 213-4540, samkvæmt teikningum nr. A-101 og A-102 dags. 06.07.2012 frá Stoð ehf. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

**Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.**

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:40

Guðjón Þórarinn Loftsson (sign.),  
Örn Óli Andrésson (sign.),  
Anna María Elíasdóttir (sign.),  
Unnsteinn Andrésson (sign.),  
Erla B Kristindóttir (sign.),  
Benjamín Kristinsson, byggingarfulltrúi (sign.),  
Pétur Arnarsson, slökkviliðsstjóri (sign.),